

L Ö G

um breyting á lögum nr. 97 1979, um eftirlaun til aldraðra.

FORSETI ÍSLANDS

gjörir kunnugt: Alþingi hefur fallist á lög þessi og ég staðfest þau með samþykki mínu:

1. gr.

1. mgr. 21. gr. laganna orðist svo:

Lífeyrisþegum, er rétt eiga samkvæmt I. kafla laga þessara og tilheyra lífeyris-sjóðum, sem II. kafla samkomulags Alþýðusambands Íslands, Farmanna- og fiskimannasambands Íslands, Vinnuveitendasambands Íslands og Vinnumálasam-bands samvinnufélaganna frá 22. júní 1977 um málefni lífeyrissjóða tekur til, skal árin 1980—1982 greidd sérstök uppbót, þannig að lífeyrisréttur miðist við grundvallarlaun samkvæmt 1. málsg. 6. gr. eins og þau eru samkvæmt kauptaxta hinn 1. janúar, 1. apríl, 1. júlí, 1. október og 1. desember 1980 og eftir það 1. mars, 1. júní, 1. september og 1. desember hvort ár 1981 og 1982 í stað 5 ára meðaltals. Um-sjónarnefnd eftirlauna reiknar uppbót þessa.

2. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Gjört í Reykjavík 23. desember 1980.

Vigdís Finnbogadóttir.

(L. S.)

Svavar Gestsson.